



Pistill formanns

Kæru foreldrar.
Ný stjórn var kosin síðasta vor og fór fyrsti fundur stjórnar í að skipta með sér verkum og að ákveða framkvæmdaáætlun fyrir komandi starfsár.

Stjórn foreldrafélagsins hefur fundað mán- aðarlega, þar sem starfið er skipulagt og þau málefni sem berast inn á borð stjórnar eru afgreidd. Þar fyrir utan er stjórn í miklum síma- og tölvupóstsamskiptum.

Haldnir voru tveir vinnufundir, annar í september til að undirbúa fyrri fulltrúaráðsfund ársins (því var enginn hefðbundinn stjórnarfundur í september af þeim sökum) og hinn í nóvember til að undirbúa Desemberfjórið sem var haldið í lok nóvember, þar sem því miður tókst ekki að fá nægilega marga í þá nefnd. Er það stjórn mikið áhyggjuefni að ekki takist að fá foreldra í nefnd til að undirbúa

mikilvægur hlekkur í starfi skólans og hefur félagið með aðstoð góðra nefnda staðið fyrir ýmsum viðburðum í skólastarfinu undan- farin ár. Þetta eru uppákomur eins og jóla- föndur og laufbrauðsbakstur, páskabingó og vorhátíð svo eitthvað sé nefnt.

Á vegum foreldrafélagsins eru líka starf- andi starfsnefndir eins og heilsuræktarnefnd sem heldur úti frábærri foreldraleikfimi fyrir unga sem aldna, öryggisnefnd, röltnefnd sem sér um foreldraröltið og síðast en ekki síst fréttabréfsnefnd sem stendur á bak við þetta glæsilega fréttabréf. Nýjasta verkefni stjórnar er að innleiða Vinafjölskylduverkefnið inn í Álfhóllsskóla, þar eru tvær kjarnakonur komnar inn en enn er pláss fyrir áhugasama í það mikilvæga átaksverkefni.

Ekkert af ofangreindu væri hægt ef ekki kæmi til öflugra nefnda sem eru starfandi á vegum foreldrafélagsins. Enn vantar fleiri



Anna María Bjarnadóttir

Þann 28. janúar hélt skólinn einmitt í sam- starfi við stjórn foreldrafélagsins fræðslu- fund fyrir foreldra barna í 8. bekk, þar sem hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og félags- ráðgjafi skólans komu og kynntu sín störf, einnig var kynning á félagsmiðstöðinni.

Þá hefur stjórnin setið á þriggja kvöldu námskeiði á vegum SAMKÓPS, sem er haldið fyrir fyrir öll foreldrafélög í Kópavogi, þar sem farið er yfir lög og skyldur foreldrafélaga og þau stilla saman strengi sína, sjá grein um það hér í blaðinu.

Framundan hjá foreldrafélaginu eru eftir- taldir viðburðir:

- Fulltrúaráðsfundur 19. febrúar, fyrir alla bekkjarfulltrúa og fulltrúa í skólaráði
- Fræðsla um einelti 5. mars. Salnum Hjalla megin
- Páskabingó 16. mars. Salnum Hjalla megin
- Aðalfundur foreldrafélagsins í lok apríl
- Vorhátíð haldin í samvinnu við skólann upp úr miðjum maí



jafn skemmtilegan viðburð. Metmæting var á sjálfa skemmtunina og virtust gestir vera mjög ánægðir með hvernig til tókst.

Upplýsingar um stjórnarmeðlimi, fundar- gerðir og starfsáætlun má finna á heimasvæði foreldrafélagsins á heimasíðu Álfhóllsskóla: <http://www.alfholsskoli.is/> Þar er jafn- framt að finna upplýsingar um bekkjarfulltrúa, skólaráð, starfandi nefndir, skýrslu nefnda og skólaráðs og margt fl. Sjón er sögu ríkari :)

Hautstarfið hófst á því að aflað var tilboða í námsgögn handa 1. bekkjum og þeim seld námsgögn á niðursettu verði. Mæltist sú sala vel fyrir og voru þeir foreldrar sem nýttu sér þessa sölu mjög ánægðir með framtakið. Í byrjun október var síðan haldið námskeið fyrir bekkjarfulltrúa.

Foreldrafélagið er eins og gefur að skilja

aðila í neðangreindar nefndir. Þetta eru fjöl- breyttar nefndir og ættu allir að geta fundið eitthvað sem hentar þeirra áhugasviði.

Skráning: ffalfhol@gmail.com

- Bingónefnd
- Foreldraröltnefnd
- Vinafjölskylduverkefni
- Vorhátíðarnefnd

Árgjald foreldrafélagsins er 1.750 kr. fyrir hvert heimili og er nýtt í ofangreinda við- burði sem og fleiri verkefni sem að foreldra- félagið stendur fyrir eins og fræðslufundi fyrir foreldra og bekkjarfulltrúa. Þá styrkir foreldra- félagið Reykjaferð 7. bekkjar og hefur einnig ákveðið að styrkja Laugaferð 9. bekkjar. Ath. sækja þarf samt um styrkina til stjórnar.

Kæru foreldrar, eins og þið sjáið af ofan- greindu er nóg um að vera og ég hvet ykkur til að taka virkan þátt í starfinu sem og til að kynna ykkur allt efnið sem er að finna inn á heimasvæði foreldrafélagsins.

Ég vonast til að sjá ykkur sem flest í starfinu í vetur/vor. Munið ykkar stuðningur skiptir máli!

Ef þið viljið koma einhverju á framfæri til stjórnar eða að stjórn fjalli um er netfang félagsins: ffalfhol@gmail.com

Góðar stundir

Anna María Bjarnadóttir

Formaður foreldrafélags Álfhóllsskóla

Erlendir foreldrar vilja falla í hópinn

Viðtal við Donata H Bukowska kennara í nýbúadeild Álfhólsskóla

Hver er Donata H. Bukowska?

Ég heiti Donata H. Bukowska og kem frá Póllandi. Maðurinn minn heitir Stanislaw og við eigum tvo drengi. Ég er grunnskólakennari að mennt og vinn núna í nýbúadeild Álfhólsskóla. Síðustu sex ár hef ég starfað með nemendum af erlendu bergi, kennt fullorðnum Pólverjum íslensku og starfað sem tulkur hjá Alþjóðasetri.

Ég kom til Íslands sem au pair fyrir tólf árum. Ég var nýútskrifuð úr háskóla og ákvað að hvíla mig aðeins og prófa eitthvað nýtt. Ég ætlaði að stoppa hér í eitt ár til að kynna mér menningu, tungumáli og þjóð. Ég bjó með íslenski fjölskyldu og fór strax að læra tungumálið. Fyrsta árið á Íslandi var mjög skemmtilegt. Ég var rosalega heppin með fjölskyldu og eftir eitt ár langaði mig ekkert að fara strax heim. Mér leið vel hér. Svo kynntist ég líka manninum mínum, honum Stanislaw og ákvað að stoppa aðeins lengur.

Hvernig gekk að aðlagast?

Tíminn leið mjög hratt og með hverju ári var erfiðara að taka ákvörðun um að flytja til baka. Við Stanislaw giftum okkur hér á Íslandi og eignuðumst drengina okkar. Með tímanum lærðum við íslenskuna og ég held að þannig hafi Ísland orðið „landið okkar“.

Það var samt ekki alltaf gaman og auðvelt. Þetta var heilmikil vinna, maður varð að

vinna, læra tungumálið og gera sitt besta til að skilja fólkið í kringum sig. Stundum fannst mér komið nóg en sem betur fer komu alltaf betri dagar eftir svona lægðir.

Fyrstu árin hér vann ég á leikskóla og verð alltaf þakklát leikskólustjóranum fyrir að gefa mér tækifæri til að vinna þar og auðvitað samstarfsfólki fyrir þolinmæði þegar ég skildi ekki baun í íslensku. Fólkið þarna og börnin verða í mínum huga alltaf bestu íslenskukennarar í heimi.

Hvernig gengur uppeldið?

Strákarnir mínir eru báðir komnir í 1. og 3. bekk í Álfhólsskóla, enda er það besti skólinn á Íslandi. Oskar og Jeremi eru tvítyngdir en við tölum eingöngu pólsku heima, nema þegar að íslenskir gestir kíkja í heimsókn. Okkur finnst mikilvægt að viðhalda móðurmáli, pólska er líka tungumál til að tjá sem best hugsanir okkar og tilfinningar, sem okkur finnst mjög mikilvægt þegar maður er að ala upp börn.

Þar sem skólamálin í Póllandi er öðruvísi en á Íslandi er ekki alltaf auðvelt að vera með börn á leikskóla eða í skóla, það krefst stundum sveigjanleika, þrautseigju og jákvæðni. Reynsla mín sem kennari í nýbúadeildinni hefur kennt mér að það getur verið enn erfiðara þegar maður hefur ekki náð tókum á íslenskunni.

Hvað finnst þér um foreldrarstarfið?

Foreldrafélag Álfhólsskóla finnst mér öflugara með hverju ári og skilar góðu starfi meðal foreldra. Ég er ánægð með foreldrasamstarfi í bekkjum strákanna minna og almennt í skólanum. Mín upplifun er ekki sú að foreldrum af erlendu bergi finnst eitthvað



Donata H Bukowska

vanta í starfi foreldrafélagsins. Ég veit að þessir foreldrar eru ekki mjög sýnilegir í skólanum en það tekur tíma að læra íslenskuna sem er aðalatriði til að geta tekið þátt í öllu sem er í boði innan skólans og að aðlagast nýjum venjum og menningu. Það tekur líka tíma að opna sig, vera tilbúinn að kynnast nýju fólki og reyna að falla inn í hópinn.

Mat á skólastarfi

Gunnar Þór Jóhannesson, fv. fulltrúi foreldra í matsteymi



Gunnar Þór Jóhannesson

þar sem tiltekna eru leiðir til að bæta skólastarfið og ná þeim markmiðum sem skilgreind eru. Innra mat skólans á að vinna í samfellu með skólastarfinu. Það er því mjög mikilvægt að unnið sé stöðugt og kerfisbundið að matsvinnu og að niðurstöðum hennar sé miðlað til skólasamfélagsins. Skólastjórnendur eru byrjaðir að nýta matið á í starfi sínu. Þess má sjá merki í starfsáætlun. Niðurstöður úr matinu hafa t.d. þegar haft áhrif á áherslur í endurmenntun

Eins og sagt var frá í fyrsta tölulaði fréttabréfs Foreldrafélags Álfhólsskóla hefur matsteymi unnið að mati á starfi skólans veturinn 2011-2012. Ef rétt er haldið á spilum getur matið verið mikilvægt tæki til að efla og bæta skólastarfið á allan hátt, hvort sem það snýr að nemendum, foreldrum eða starfsfólki skólans. Dregist hefur að birta matsskýrslu sem unnin var í vor, m.a. út frá niðurstöðum kannana á meðal foreldra og nemenda og er það miður.

Í matsskýrslunni er einnig aðgerðaráætlun

kennara þar sem samband heimilis og skóla og fjölbreyttir kennsluhættir verða í brenni-depli. Það er mikilvægt að hafa í huga að við erum að fikra okkur áfram fyrstu skrefin í uppbyggingu nýs skóla. Ég vil hvetja foreldra til gefa sér tíma til að renna yfir matsskýrsluna þegar hún berst og máta niðurstöður hennar við upplifun sína af skólanum. Skólinn okkar þarf uppbyggilegt aðhald og endurgjöf frá foreldrasamfélaginu við mótun stefnu og starfssemi. Við stefnum öll að sama markmiði, að gera Álfhólsskóla að framúrskarandi skóla þar sem börnunum okkar líður vel og það er margsannað að það gerist helst með sameiginlegu átaki heimila og skóla.

Dægradvölin í Álfhólsskóla stækkar

Nokkur umræða hefur verið um tilgang og faglega útfærslu á „dægradvöl“ grunnskólanna og margir sammála um að þetta „eftirkólaúrræði“ sveitarfélaganna þurfi skýrari uppeldis- og áfangamarkmið. Foreldrar þurfa að koma að þeirri vinnu og í samstarfi heimila og skóla gæti starfsemi dægradvalar orði beinni hluti af heildstæðum skóladegi barns þar sem öllum þörfum skólanáms og þroska, hreyfingar og hvíldar er fullnægt frá 9–5.

Frá árinu 2004 hefur Dægradvöl verið starfrækt í grunnskólum Kópavogs en þá voru samþykktar fyrstu reglur um starfsemina. Dægradvölin er frjálst tilboð þar sem börn í 1.–4. bekk dvelja við leik og „skapandi starf“ í umsjá starfsfólks eftir að skóla lýkur. Skólastjóri hvers skóla ber rekstrarlega og faglega ábyrgð á Dægradvölinni en dagleg starfsemi er á ábyrgð forstöðumanns. Ingibjörg Elín Ingimundardóttir er forstöðumaður Dægradvalarinnar í Álfhólsskóla en sjálf á Inga tvo stráka í Álfhólsskóla í 6. og 9. bekk. Ritstjóri Álfhóls heim-sótti nýverið Dægradvölinu og spallaði við Ingu um starfsemina en miklar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi þessarar þjónustu eftir að skólarnir í Hjalla og Digranesi voru sameinaðir árið 2010.

Í sameiningarferli skólanna 2010 var rætt um („því var lofað“) að byggja ætti við Digranes til að mæta breyttu hlutverki auk þess sem fækkaði um 8 kennslustofur þegar vestari álman var rifin niður við sameininguna. Í þessari fyrirhuguðu nýbyggingu við skólann var m.a. gert ráð fyrir bættari aðstöðu fyrir sérkennslu og nýbúadeild en núna eru þessar deildir í „rýmum sem varla eru hægt að kalla kennslustofur.“ Nú 3 árum eftir sameininguna er fátt sem bendir til að þessi bygging verði reist og er aðstaða Dægradvalar því enn til bráðabirgða.

Í byrjun janúar 2013 voru skráð 141 barn í Dægradvöl Álfhólsskóla og er misjafnt hversu lengi þau dvelja þar eftir að skóla lýkur frá 13.10–17.00. Hópnum er nú skipt niður á þrjár heimastofur, 1. bekkur í skólastofu á miðhæð (áður bókasafnið), 2. bekkur í austurhorni HK Íþróttahússins og 3. og 4. bekkingar hafa aðstöðu í sal skólans en þangað mæta síðan öll börnin til að fá sér síðdegishressingu. Það var þó ekki fyrir en um síðustu áramót sem Dægradvölin fékk aðstöðu í sal skólans fyrir elstu börnin en fram að því var dvöldust 90 börn í horninu í HK byggingunni.

Í starfsreglum er kveðið á um einn starfsmann á hverja 15 nemendur í Dægradvöl sem misjafnlega hefur tekist að uppfylla þótt auðveldar sé nú um mannahald eftir að salurinn var gerður að „þriðja heimasvæði“ Dægradvalarinnar. „Við búum betur að mannafla vegna þess að við fáum stuðningsfulltrúa inn vegna sérþarfa einstaklinga sem við erum með, við reynum að nýta þá sem almenna starfsmenn líka,“ segir Inga.



Ingibjörg Elín Ingimundardóttir

Ingibjörg, forstöðumaður Dægradvalarinnar, er bjartsýn á framhaldið og eftir að aðstaðan var stækkuð eru ýmsir möguleikar til að bæta enn betur starfsemina.

Skólabyggingin í Digranesi er vissulega ekki hönnuð fyrir þessa starfsemi en smá saman hefur tekist að bæta reksturinn frá því að skólarnir voru sameinaðir sem ætti m.a. að auðvelda uppbygginguna á faglegu hlutverki Dægradvalar. Salurinn gerir gæfumuninn og ýmislegt hefur verið gert til að brjóta upp starfið í Dægradvöl m.a. með því að bjóða börnunum uppá „Íþróttatíma“ á vegum HK, bæði í HK húsinu og öðrum Íþróttahúsum Kópavogs.



Myndir: teknar á skólalóð Álfhólsskóla (Digranes) 21. janúar 2013.

Öryggismál á skólalóð

Á skólalóð Álfhólsskóla í Digranesi eru leiksvæði barnanna afmörkuð að hluta með háum og lágum járngríðingum. Í haust tók fólk eftir því að ofan á gríðingunum stóðu teinar uppúr en dæmi eru um að börn hafi slasast alvarlega á þessum járnteinum. Hörður Sigurðsson, meðstjórnandi í stjórn foreldrafélagsins, hafði beint samband við bæjarstjórnann og óskaði eftir úrbótum á þessari slysgildru. Í kjölfarið settu starfsmenn bæjarins handhægan járnlista á gríðinguna sem nú hylur teinana og gerir þetta teinavirki hættulaust (sjá mynd). En sá böggull fylgir skammrifi að þessir hlífðarlistar voru aðeins settir á lægri gríðingarnar (sjá mynd), eftir stendur stór gríðing (2m há), sem liggur um bolta-svæðið við Álfhólsvog, teinótt að ofan. Nú er beðið eftir því að stóra gríðingin verði löguð áður en snjórinn hleðst þar upp og börnin færa leik sinn ofan á skaflana.

Svo er önnur spurning hvers vegna leiksvæði á skólalóð barnaskóla (6–10 ára) er ekki alveg lokað og afgirt frá þungum umferðargötum?



Foreldrasáttmáli Heimilis og skóla - ný útgáfa

Heimili og skóli – landsamtök foreldra kynntu nýlega uppfærslu á forvarnaverkefni samtakanna til margra ára, sem Foreldrasáttmálinn sannarlega er. Foreldrasáttmálinn er sá leiðarvísir sem nýttist einna best til að koma af stað umræðum um uppeldishlutverk foreldra barna á grunnskólaaldri og eflir skilning á mikilvægi samstarfs heimila og skóla og virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi. Hann byggir á þeirri hugmynd að foreldrar og forráðamenn komi saman og ræði um æskilegar reglur og uppeldisleg viðmið sem þeir geti sameinast um að halda í heiðri heima fyrir og staðfesti vilja sinn með undirskrift.

Í fyrstu var Foreldrasáttmálinn útbúinn fyrir 2 skólastig, eldra og yngra, sem skiptist í 1. - 6. bekk og 7. - 10. bekk. Nú hefur sáttmálinn verið gefinn út fyrir þrjú skólastig, yngsta, mið og efsta stig, sem taka enn betur tillit til ólíkra þarfa og þroska nemenda. Í sáttmálanum, sem hengdur er upp í skólanum eða í bekkjarstofu, er að finna ellefu liði um mikilvæg uppeldisleg viðmið og fylgja leiðbeiningar um framkvæmd auk þess sem foreldrar fá ítarefni til fróðleiks.

Í starfi bekkjarfulltrúa er Foreldrasáttmálinn einstakt tæki til að efla foreldrarstarfið og þarf helst að leggjast fyrir foreldrafund (helst vel sóttann) hvers bekkjar í byrjun skólaárs. Auðvelt

er fyrir bekkjarfulltrúa að stjórna fundum með aðstoð sáttmálans og er aðalatriðið að allir fái að tjá sig um öll atriðin sem rædd eru. Reynslan sýnir að veigamestu málín í lífi skólabarns rúmast innan þeirrar umræðu. Niðurstaðan er hópsins en ekki fyrirfram gefin og því þurfa að vera opin skoðanaskipti um málefnið áður en fólk skrifar undir. Þannig getur Foreldrasáttmálinn bætt samvinnu foreldra og um leið aukið vellíðan og öryggi barnanna.

Hægt er að nálgast sáttmálana, ítarefni og meðfylgjandi leiðbeiningar á skrifstofu Heimilis og skóla við Suðurlandsbraut í Reykjavík <http://www.heimilioskoli.is/>

Desemberfjör vinsælt

Mjög góð aðsókn var á desemberfjör foreldrafélags Álfhólsskóla að þessu sinni. Boðið var uppá laufabrauðsskurð og bakstur, piparkökuskreytingar, tónlist Skólahjónsveitarinnar og vöfflubakstur í boði unglínganna. Allir fundu fjör við sitt hæfi, börn sem foreldrar.



Umbrot: Hunang - Ragnhildur Ragnarsdóttir

Fræðslufundur Samkóp í Hörðuvallaskóla

Samkóp (Samtök foreldrafélaga í Kópavogi) stendur fyrir fræðslufundum fyrir stjórnir allra foreldrafélaga í Kópavogi nú í byrjun ársins. Þann 22. janúar sl. var haldinn fræðslufundur númer tvö í Hörðuvallaskóla en síðasti fundurinn verður síðan í lok febrúar. Frá Álfhólsskóla mættu alls 5 fulltrúar þar af 3 úr stjórn foreldrafélagsins.

Alls eru 10 grunnskólar í Kópavogi og stigu fulltrúar allra þeirra í pontu og héldu stutt erindi hver um sinn skóla þar sem reifað var starf foreldrafélagsins, sérstaða skólanna og innra og ytra skipulag foreldrafélaga og skóla. Fyrir hönd Álfhólsskóla hélt erindi formaður foreldrafélagsins, Anna María Bjarnadóttir. Í máli hennar kom m.a. fram að nemendur í Álfhólsskóla eru nú rúmlega 680 þar af eiga 129 nemendur a.m.k. annað foreldri af erlendum uppruna. Álfhólsskóli varð eftir sameininguna 2010 fjölmennasti grunnskóli Kópavogs.

Gaman var að heyra frá hinum fulltrúum skólanna um hvað væri á döfinni hjá þeim. Sumir skólar hafa tekið á móti græna fánanum

sem er hluti af alþjóðlegu verkefni til að auka umhverfisvitund og styrkja umhverfisstefnu og aðrir skólar skilgreina sig sem heilsueflandi grunnskóla. Það er einmitt þetta sem námskeið Samkóp snérist um; að deila upplýsingum og hugmyndum og koma þeim á framfæri milli skóla, skólaráða og foreldra.

Grunngildi lýðræðis voru rædd og m.a. sýnd stuttmynd frá borgarstjóranum í Reykjavík um lýðræði. Við gerum ráð fyrir því að þau börn sem nú eru í skólum verði virkir þegar í lýðræðisþjóðfélagi - þarf því ekki skólagangan að byggja á grunngildum lýðræðisins?

Rætt var um grunnþætti menntunar og sex meginstöðir hennar eins og þau eru sett fram í nýrri aðalnámskrá; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Einnig var rætt um það atriði í nýjum menntalögum (2008) að skólstjórum væri skylt að bera mikilvægar ákvarðanir um skólastarfið, allt frá hugmyndastigi til framkvæmdar, undir foreldra og foreldrafélög.

Síðasti dagskrárliður var hópavinna þar

sem fundarfólki var skipt í hópa og fulltrúar beðnir um að taka saman jákvæða þætti grunnskólastarsins og hvað mætti betur fara. Helstu niðurstöður hópanna vörðuðu hagsmunamál foreldra grunnskólabarna í Kópa-



Um 70 foreldrar voru á fræðslufundi SAMKÓP. Helga Margrét Guðmundsdóttir stjórnadi fundunum.

vogi og hverju fundarfólk vildi breyta strax í skólamálum ef það fengi töfraspota í hönd? Fjörlegar umræður spruttu um þessi málefni og margt var rætt. Í kjölfarið var síðan haldin samantektarfundur um helstu niðurstöður og hver næstu skref skuli vera. Þær niðurstöður munu birtast í næsta fréttabréfi Álfhóls.

Hörður Sigurðsson



Skólastjóri: **Sigrún Bjarnadóttir**

sigrunb@kopavogur.is

Staðgengill skólustjóra: **Guðlaug Snorradóttir**

gudlausn@kopavogur.is

Um Álfhólsskóla

Álfhólsskóli er heildstæður grunnskóli staðsettur í grónu hverfi í austurbæ Kópavogs og í göngufæri við Kópavogs- og Fossvogsdal.

Í skólanum eru um 700 nemendur og um 130 starfsmenn. Skólinn starfar í tveimur húsum, í Digranesi (Álfhólsvegur 100) fyrir nemendur í 1.–4. bekk og í Hjalla (Álfhólsvegur 120) fyrir nemendur í 5.–10. bekk. Skólinn hefur auk þess afnot af íþróttahúsi HK og þar hefur Dægraðvöl skólans fyrir nemendur frá 1.–4. bekk einnig verið til húsa.

Í skólanum er öflugt sérkennsluver, námsver fyrir einhverfa nemendur og móttökudeild fyrir nýbúa.

Stjórn Foreldrafélags Álfhólsskóla skólaárið 2012–2013

ffalhol@gmail.com

Anna María Bjarnadóttir, formaður

Sigurður Grétarsson, varaformaður

Erna Arnarsdóttir, ritari

Brynhildur Grímsdóttir, gjaldkeri

Selma Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, fulltrúi í skólaráði

Berglind Svavarsdóttir, meðstjórnandi

Hörður Sigurðsson, meðstjórnandi

ankar@simnet.is

siggret@gmail.com

fagrijhalli19@gmail.com

bg@ispolar.is

selmagudmunds@simnet.is

bergblind@acta.is

hs@icepharma.is

Varamenn: **Gunnar Þór Jóhannesson** gtj@hi.is, **Sólveig B. Hlökkveisdóttir**

solveigbjorg@simnet.is, **Særún Sigurjónsdóttir**, saia@internet.is

Nefndir á vegum foreldrafélagsins: **Desemberfjör** · **Páskabingó** · **Vorhátíð**

Starfsnefndir: **Fréttabréfsnefnd** · **Heilsuræktarnefnd** · **Röltnefnd** ·

Vinafjölskylduverkefni · **Öryggisnefnd** · **Skoðunarmenn reikninga**



Stjórn Foreldrafélags Álfhólsskóla 2012–2013



Fréttabréfsnefnd:
Guðni Ragnar Björnsson og
Ragnhildur Ragnarsdóttir